

Nr. 1. Lagt fram í Félagsdómi
nóvember 2015

S T E F N A

FÉLAGSDÓMUR GJÖRIR KUNNUGT:

Verkalýðsfélag Akraness, kt. 680269-6889, Sunnubraut 13, 300 Akranesi, hefur tjáð réttinum að það þurfi að höfða mál fyrir Félagsdómi á hendur **Sambandi íslenskra sveitarfélaga**, kt. 550269-4739, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, vegna Launaneftnar sveitarfélaga, til að bola dóm um brot gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

FYRIRSVAR OG MÁLFLUTNINGSUMBOD

Stefnandi kveður fyrirsvarsmenn aðila vera eftirfarandi:

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Vilhjálmur Birgisson, kt. 050865-5339, Reynigrund 9, 300 Akranesi, formaður félagsins.

Fyrirsvarsmenn stefnda eru Halldór Halldórsson, kt. 250764-4059, Meðalholt 12, 105 Reykjavík, formaður stjórnar sambandsins, og Inga Rún Ólafsdóttir, kt. 030563-4769, Víkurbakka 2, 109 Reykjavík, formaður launaneftnarinnar.

Daniel Isebarn Ágústsson, hrl., daniel@msr.is, 571 5400, Málflutningsstofu Reykjavíkur, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, mun flytja mál þetta fyrir hönd stefnanda.

DÓMKRÖFUR

Stefnandi kveðst gera eftirfarandi dómkröfur:

Þess er *adallega* krafist að viðurkennt verði með dómi að ákvæði Rammasamkomulags milli aðila vinnumarkaðar 27. október 2015 séu ólögmæt og óskuldbindandi bæði fyrir stefnanda og stefnda við gerð kjarasamnings þeirra á milli.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að þrátt fyrir fullyrðingar stefnda 4. nóvember 2015 sé 2. gr. Rammasamkomulags milli aðila vinnumarkaðar 27. október 2015, sem felur í sér reglur um svonefnda sameiginlega launastefnu til ársloka 2018, ólögmæt og

óskuldbindandi bæði fyrir stefnanda og stefnda við gerð kjarasamnings þeirra á milli.

Til brautavara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að þrátt fyrir fullyrðingar stefnda 4. nóvember 2015 séu greinar 2.a og 2.b í Rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðar 27. október 2015, sem fela í sér að launastefna sé samræmd með sameiginlegri kostnaðarvísitölu og að hámark sé sett á kostnaðaráhrif kjarasamninga til ársloka 2018 þannig að svigrúm til launahækanna á því tímabili sé 24,2%, óskuldbindandi bæði fyrir stefnanda og stefnda við gerð kjarasamnings þeirra á milli.

Í öllum tilvikum gerir stefnandi kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda.

MÁLSATVIK

Stefnandi lýsir málsatvikum með eftirfarandi hætti:

Árið 2013 var stofnaður hópur með það að markmiði að færa kjarasamningsgerð í átt að því sem tíðkast á Norðurlöndum, þannig að tekið yrði mið af svigrúmi samkeppnisgreina til launahækkan og samið út frá því við kjarasamningsgerðina. Hópurinn hefur frá stofnun verið nefndur „SALEK-hópurinn“ en skammstöfunin stendur fyrir samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Hópurinn samanstendur af stefnda ásamt Alþýðusambandi Íslands (hér eftir einnig nefnt ASÍ), Samtökum Atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg.

Hinn 27. október 2015 undirritaði hópurinn svonefnt „Rammasamkomulag milli aðila vinnumarkaðar“ sem sagt er ná til 70% launafólks í stéttarfélögum.

Í 1. gr. samkomulagsins segir að stofnað verði svonefnt þjóðhagsráð aðila vinnumarkaðarins sem ætlað er að „greina stöðuna í efnahagsmálum“. Ráðinu mun ætlað það hlutverk að meta svigrúm til launahækkanáðarins hverju sinni.

Í 2. gr. rammasamkomulagsins er kveðið á um sameiginlega launastefnu til ársloka 2018. Í því felst m.a. að launastefna er samræmd í „sameiginlegri kostnaðarvísitölu“ þar sem vísitala nóvembermánaðar 2013 skal samsvara 100 stigum. Þá skal unnið út frá sameiginlegum kostnaðarramma fyrir yfirstandandi samningstímabil þar sem kostnaðaráhrif kjarasamninga, að meðtölum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda, mega ekki leiða til hærri niðurstöðu en 132 stiga í árslok 2018. Aðilar samkomulagsins skuldbinda sig til að framfylgja þessari

launastefnu sín á milli en einnig gagnvart þeim hópum sem standa utan samkomulagsins.

Í 3. gr er fjallað um samkomulag aðila um að þróa nýtt samningalíkan sem gilda muni við gerð kjarasamninga á Íslandi. Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um samspil aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda og talin upp atriði sem aðilar telja að nást þurfi „sameiginlegur skilningur“ um.

Á formannafundi Alþýðusambandsins 28. október 2015 kom fram sú skoðun að rammasamkomulagið fæli í sér skerðingu á samningsrétti stéttarfélaganna. Pessari skoðun var m.a. lýst af formanni Rafiðnaðarsambands Íslands sem jafnframt situr í miðstjórni ASÍ, formanni Framsýnar og formanni Byggiðnar.

Stefnandi og stefndi eiga í kjarasamningsviðræðum. Á fundi aðila hjá ríkissáttasemjara 4. nóvember 2015 tilkynnti stefndi að kostnaðarvísitala ASÍ stéttarfélaga sem semja við stefnda væri nú 111,4 miðað við forsendur rammasamkomulagsins. Á fundinum var því sömuleiðis lýst yfir af stefnda að eftir stæði 20,6% svigrúm til launahækkana en því til viðbótar ætti eftir að draga frá 1,5% vegna samkomulags SALEKS-hópsins um breytingu á lífeyrisréttindum. Stefndi tilkynnti stefnanda þannig að samkvæmt rammasamkomulaginu væri 19,1% svigrúm til launabreytinga til ársloka 2018 og innan þess ramma væri hægt að semja með kjarasamningi aðila.

Á fundinum mótmælti stefnandi því að búið væri fyrirfram að ákveða mögulegar launabreytingar og önnur mikilvæg atriði kjarasamnings enda væri með því verið að skerða lögbundinn samningsrétt félagsins.

Síðar sama dag, 4. nóvember 2015, gerðu aðilar rammasamkomulagsins (SALEK-hópurinn) með sér sérstakt viðbótarsamkomulag. Viðbótin fólst í því að kostnaðarvísitolu samkomulagsins var breytt úr því að vera 111,4 í 106,3.

Formaður samninganefndar stefnda tilkynnti formanni stefnanda um framangreint viðbótarsamkomulag með tölvuskeyti að kvöldi sama dags, 4. nóvember 2015. Stefndi leit svo á að með viðbótarsamkomulagi SALEK-hópsins hefði svigrúm til samningsgerðar milli stefnanda og stefnda verið rýmkað.

Samkvæmt framangreindum forsendum rammasamkomulagsins og viðbótarsamkomulagsins er svigrúm í kjarasamningi stefnanda og stefnda 25,7% til ársloka 2018. Að frádregnu 1,5% viðbótarframlagi í lífeyrissjóð sem SALEK-hópurinn hefur ákveðið er svigrúm til launahækkana 24,2% til ársloka 2018.

Stefnandi telur að framangreint rammasamkomulag geti ekki verið bindandi fyrir aðila kjarasamninga. Í kjarasamningsviðræðum stefnanda og stefnda hefur aftur á móti komið í ljós að stefndi er á annarri skoðun. Á fundinum 4. nóvember og í eftirfarandi tölvuskeyti sama dag lýsti stefndi því afdráttarlaust yfir að með undirritun samkomulagsins hefði stefndi „skuldbundið sig til að fylgja þeirri launastefnu sem samkomulagið felur í sér varðandi þá kjarasamninga sem sambandið mun gera til ársloka 2018“.

Er því ljóst að stefndi telur sig þegar hafa samið með bindandi hætti um ýmis grundvallaratriði komandi kjarasamnings. Af því leiðir að stefnandi og stefndi hafa ekki samningsfrelsi um þau atriði í kjarasamningsviðræðum.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Stefnandi lýsir málsástæðum og lagarökum sínum með eftirfarandi hætti:

Málsgrundvöllur og kröfugerð.

Stefnandi telur að svonefnt Rammasamkomulag milli aðila vinnu-markaðar, dags. 27. október 2015, brjóti gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og meginreglum vinnumarkaðsréttar.

Aðilum samkomulagsins er ekki heimilt að skuldbinda sig fyrir kjarasamningsgerð með slíku samkomulagi og þaðan af síður er þeim heimilt að skuldbinda aðra með samkomulaginu. Aðilar samkomulagsins höfðu ekki heimild, hvorki samkvæmt lögum né samkvæmt umboðsreglum samningaráettar, til þess að ákveða ýmis grundvallaratriði sem á að semja um með kjarasamningum milli réttra samningsaðila og samkvæmt þeim reglum sem gilda um kjarasamningsgerð.

Par sem viðsemjandi stefnanda í kjarasamningsviðræðum hefur lýst því afdráttarlaust yfir að samkomulagið hafi bindandi áhrif við gerð kjarasamnings hefur samningsréttur stefnanda verið skertur. Af þeirri ástæðu er stefnanda nauðsynlegt að fá viðurkenningardóm um að samkomulagið brjóti gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og sé þannig ekki bindandi við gerð kjarasamnings stefnanda og stefnda.

Með dómsmálinu er ætlunin að koma í veg fyrir að hægt sé að vísa til rammasamkomulagsins við gerð kjarasamnings stefnanda og stefnda. Kröfugerð stefnanda miðar að því að rammasamkomulagið verði ekki bindandi við kjarasamningsgerð stefnanda og stefnda, þrátt fyrir fullyrðingar stefnda. Slík kröfugerð lýtur að beinum hagsmunum stefnanda og hefur bein áhrif á réttarstöðu stefnanda við kjarasamningsgerðina.

Rétt er að geta þess að nauðsynlegt er að fá dómsúrlausn um að hvorki stefnandi né stefndi séu bundin af rammasamkomulaginu. Stefnanda og stefnda ber lagaskylda til að semja sín á milli með kjarasamningi. Hafi þegar verið samið um atriði sem heyra undir kjarasamning aðila, með samningum við utanaðkomandi, er brotið gegn þeirri lagaskyldu. Um leið er brotið gegn þeim rétti stefnanda að ráða tilteknum atriðum með kjarasamningi.

Samningsfrelsi stefnanda er skert með ólögmætum hætti ef atriði sem semja á um hefur þegar verið ráðstafað. Skiptir þá engu þótt því verði haldið fram að stefnandi sé ekki formlega bundinn af rammasamkomulaginu. Það eitt nægir til skerðingar á samningsfrelsi stefnanda að gagnaðili þess við samningsgerðina sé skuldbundinn af samkomulaginu. Frelsi stefnanda til að ráða tilteknum málefnum með kjarasamningi er aðeins orðin tóm ef gagnaðila við samningsgerðina er ógerlegt að semja um grundvallaratriði þar sem hefur þegar verið ráðstafað. Skerðingin bitnar þá með sama hætti á stefnanda eins og ef stefnandi væri sjálfur bundinn af samkomulaginu. Niðurstæðan í báðum tilvikum er sú að tiltekin atriði eru tekin undan samningsgerðinni og eru þannig ekki á forræði þeirra aðila sem eiga að semja um þau með kjarasamningi.

Krafa um viðurkenningu réttinda byggir á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi hefur lögvarða hagsmuni af því að skorið verði úr um gildi samkomulagsins enda skerðir það samningsrétt stefnanda. Dómur um gildi samkomulagsins hefur þannig áhrif á réttindi stefnanda til að ráða málum til lykta með kjarasamningi.

Í eftirfarandi umfjöllun verður fjallað nánar um málsástæður og lagarök stefnanda.

Aðild.

Stefnandi fer með samningsumboð til kjarasamningsgerðar á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Kröfugerð og málatilbúnaður varðar gerð kjarasamnings stefnanda og stefnda. Stefnandi hefur aðild að máli þessu samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá liggja fyrir yfirlýsingar Starfsgreinasambandsins og Alþýðusambands Íslands þar sem þau neita að höfða málid. Stefnandi er þannig réttur sóknaraðili málsins samkvæmt 45. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Stefndi Samband íslenskra sveitarfélaga er gagnaðili stefnanda í kjarasamningsgerð og Launaneftnd sveitarfélaga kemur fram fyrir hönd stefnda í kjarasamningsviðræðunum. Stefndi hefur lýst því yfir að kjarasamningsviðræður geti einungis farið fram innan þess ramma sem

samið hefur verið um í margnefndu rammasamkomulagi. Dómkröfur stefnanda miða að því að fá dómsúrlausn um að samkomulagið skuldbindi ekki aðila við kjarasamningsgerð þeirra.

Um rammasamkomulag milli aðila vinnumarkaðar.

Með rammasamkomulaginu er búið að ákveða fyrir fram launabreytingar í þeim samningum sem stéttarfélög eiga eftir að gera. Aðilar SALEK-hópsins hafa þannig gert með sér samkomulag sem er ætlað að skuldbinda stéttarfélög og atvinnurekendafélög við kjarasamningsgerð þeirra. Samningsfrelsi stéttarfélaga og félaga atvinnurekenda við kjarasamningsgerð hefur þannig verið takmarkað enda er nú ekki unnt að semja um hærri kjör en kveðið er á um í 2. gr. rammasamkomulagsins.

Auk framangreinds hafa aðilar SALEK-hópsins einnig ákveðið hvaða launahækkanir fyrri kjarasamninga skuli dragast frá þeim samningum sem nú eru lausir. Kom það greinilega í ljós í kjölfar mótmæla stefnanda við yfirlýsingu stefnda á samningafundi þeirra 4. nóvember 2015. SALEK-hópurinn brást samdægurs við með því að auka svigrúm stefnda til samningsgerðarinnar.

Gagnaðili stefnanda við gerð kjarasamnings hefur lýst því afdráttarlaust yfir að samningsaðilar séu skuldbundnir af samkomulaginu. Í því felst að umboð stefnanda til frjálsrar kjarasamningsgerðar fyrir hönd félagsmanna sinna hefur verið takmarkað verulega með samkomulaginu.

Stefnandi telur aftur á móti að lagareglur á sviði vinnuréttar og samningaréttar leiði til þess að samkomulagið geti ekki verið bindandi.

Takmörkun á samningsfrelsi aðila við kjarasamningsgerð er í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samkvæmt lögunum er skýrt að stefnandi skal fara með samningsumboð fyrir hönd sinna félagsmanna. Það samningsumboð verður ekki takmarkað nema með lögum.

Þá er samkomulagið einnig ógilt vegna umboðsskorts samningsaðila en þeir höfðu ekki umboð til þess að skuldbinda aðildarfélög sín, hvað þá aðra, um atriði sem ber að semja um í kjarasamningum.

Verður í næstu köflum fjallar nánar um þessi atriði.

Réttindi samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er kveðið á um félagafrelsi. Í ákvæðinu er sérstaklega minnst á stéttarfélög og verður af því ráðið að þeim sé ætlað mikilvægt hlutverk. Hlutverk stéttarfélaga er nánar útlistað í lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þar sem stéttarfélögum er markað hlutverk í lögum og með vísan til mikilvægis þeirra, sem m.a. endurspeglast í 74. gr. stjórnarskrárinna, er ljóst að lögboðin verkefni og hlutverk stéttarfélaga verða ekki af þeim tekin.

Stefnandi er stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1938. Samkvæmt 3. gr. laganna ráða stéttarfélög málefnum sínum sjálf. Samkvæmt ákvæðinu setja félögin sér samþykktir, sem kveða m.a. á um aðild að félagini, félagssvæði og um skyldur og réttindi félagsmanna.

Við kjarasamningsgerð eru stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, skv. 1. mgr. 5. gr. laganna. Af ákvæðinu leiðir jafnframt að aðrir aðilar geta ekki komið fram fyrir hönd stéttarfélags, við gerð kjarasamninga, nema stéttarfélagið hafi veitt þeim sérstakt umboð til þess.

Í 3. mgr. 5. gr. laganna er kveðið á um gildi þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið. Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður, af til þess bærum fulltrúum samningsaðila, þá gildir hann frá undirskriftardegi ef ekki er á annan veg samið. Prátt fyrir það skal samningurinn borinn undir félagsmenn stéttarfélagsins sem taka afstöðu til hans með leynilegri atkvæðagreiðslu. Endanlegt samþykki kjarasamnings er því í höndum félagsmanna í viðkomandi stéttarfélagi.

Sambærilegar reglur koma fram í 4. og 5. gr. og II. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Af framangreindum ákvæðum er ljóst að stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna. Aðrir aðilar geta ekki með samningum sín á milli takmarkað þau atriði sem heyra undir kjarasamning. Aðilum vinnumarkaðarins er óheimilt að skuldbinda sig með samkomulagi sín á milli um þau atriði sem semja á um með kjarasamningi.

Samkvæmt framangreindu er samkomulagið ólögmætt að því leyti sem það leiðir til bindandi niðurstöðu um kaup og kjör stéttarfélaga og atvinnurekendafélaga. Rammasamkomulagið er því óskuldbindandi og að vettugi virðandi við kjarasamningsgerð stefnanda og stefnda. Rétt er að taka fram að samkvæmt meginreglum samningaráttar þarf skuldbindingargildi samkomulagsins ekki að koma fram í orðalagi þess.

Það nægir að aðilar samkomulagsins líti svo á og sýni með athöfnum sínum að í samkomulaginu felist skuldbinding.

Einungis með lögum, sem sett væru á grundvelli málefna alegra forsendna, mætti takmarka svigrúm aðila kjarasamnings til að semja um kaup og kjör. Við gerð kjarasamnings er stefnda þannig óheimilt að vísa til þess að það hafi þegar skuldbundið sig með rammasamkomulaginu enda felst í því brot gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeildur.

Reglur samningaráttar.

Svonefndur SALEK-hópur getur ekki samið með bindandi hætti um réttindi, skyldur og önnur atriði sem þeir hafa ekki umboð til að ráðstafa. Stefnandi hefur umboð til að gera kjarasamning fyrir sína félagsmenn og SALEK-hópurinn hefur ekkert umboð til þess að takmarka þau atriði sem samið verður um í kjarasamningi. Þannig getur SALEK-hópurinn ekki með bindandi hætti ákveðið hvert svigrúm er til kjarasamningsgerðar stefnanda.

SALEK-hópurinn getur ekki með þriðjamannslöggerningi ráðstafað réttindum sem stefnanda er rétt og skylt samkvæmt lögum að semja um við gagnaðila sinn í kjarasamningi. Allar tilraunir SALEK-hópsins til þess að gera samkomulag sín á milli til þess að skuldbinda stefnanda og/eða gagnaðila þess í kjarasamningi eru brot á lögum nr. 80/1938 og lögum nr. 94/1986. Slíkir löggerningar eru þannig ólögmætir.

Í 2. gr. laga stefnanda segir að tilgangur félagsins sé m.a. að ákveða vinnutíma og kaupgjald. Í ákvæðinu segir að þetta skuli gert í samvinnu við önnur verkalýðsfélög, landssamböndin sem félagið á aðild að og Alþýðusamband Íslands ef því verði komið við. Sérstaklega er þó tekið fram að félagið sé fyrst og fremst frjálst og óháð öðrum í þessum eftum.

Stefnandi hefur ekki veitt Alþýðusambandi Íslands umboð til þess að standa að Rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðar eða öðrum sambærilegum löggerningum. Lítill sem engin umræða fór fram um endanlegt efni rammasamkomulagsins og aðildarfélög ASÍ fengu ekki að sjá drög að því fyrir undirritun. Samkomulagið var þannig undirritað af hálfu Alþýðusambands Íslands án þess að það hefði verið borið undir aðildarfélög þess. Engin atkvæðagreiðsla fór fram um efni rammasamkomulagsins, hvorki fyrir né eftir undirritun þess. Alþýðusamband Íslands hafði þannig ekki umboð til þess að standa að gerningum sem skuldbinda stefnanda og/eða takmarka svigrúm stefnanda við kjarasamningsgerð.

Pá hafa hvorki Alþýðusamband Íslands né aðrir í SALEK-hópnum umboð eða aðra heimild til þess að skuldbinda og/eða takmarka samningsfrelsi gagnaðila stefnanda við kjarasamningsgerð. Slík takmörkun á samningsheimild gagnaðila stefnanda leiðir til takmörkunar á rétti stefnanda sjálfs til að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna með alveg sama hætti og ef meint skuldbinding lyti beint að stefnanda sjálfum.

Málið á undir Félagsdóm.

Verkefni Félagsdóms eru skilgreind í 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og í 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samkvæmt ákvæðunum fellur ágreiningur þessa máls innan valdmarka Félagsdóms.

Í 1. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 segir að verkefni Félagsdóms sé m.a. að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á lögunum. Í máli þessu er deilt um samkomulag sem brýtur gegn lögunum. Samkomulagið skerðir samningsrétt og –skyldu stéttarfélaga og atvinnurekendafélaga til að ráða tilteknum málefnum með kjarasamningum eins og kveðið er á um í lögunum.

Í 1. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 segir að verkefni Félagsdóms sé m.a. að dæma í málum um samningsaðild einstakra stéttarfélaga. Með rammasamkomulaginu tók SALEK-hópurinn sér samningsaðild í kjarasamningsviðræðum. Hópurinn ráðstafaði tilteknum málefnum sem stefnandi, og önnur stéttarfélög, eiga að semja um við atvinnurekendafélög. Málið lýtur þannig að samningsaðild stefnanda enda hefur hún verið skert og framseld til SALEK-hópsins ef ákvæði samkomulagsins gilda.

Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 heyrir ágreiningur um skilning á kjarasamningi eða gildi hans undir valdsvið Félagsdóms. Margnefnt samkomulag er ætlað að vera ígildi kjarasamnings eða einhvers konar ramma sem bindur og setur mörk á alla kjarasamningsgerð. Með því er ætlun SALEK-hópsins að ráðstafa málefnum sem heyra undir kjarasamninga og því ber Félagsdómi að skera úr um gildi samkomulagsins.

Aðrar málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst auk framangreinds byggja á almennum meginreglum vinnuréttar og samningaréttar. Þá er vísað til þess að sveitarfélög eru stjórnvöld sem eru sjálfstæð og er þannig óheimilt að skuldbinda sig fyrirfram áður en gengið er til kjarasamninga.

Fyrirsvar á stoð í 4. og 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, 27. gr. laga nr. 94/1986 og 45. gr. laga nr. 80/1938. Um varnarþing er vísað til 38. gr. laga nr. 80/1938.

Málskostnaðarkrafa stefnenda á sér stoð í 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök verða reifuð nánar við munnlegan málflutning.

ÁSKILNAÐUR

Stefnandi kveðst áskilja sér rétt til að bera fram frekari málsástæður, mótmæli og leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins.

SÖNNUNARGÖGN OG SKÝRSLUGJÖF

Stefnandi leggur fram Rammasamkomulag milli aðila vinnumarkaðar, fundargerð ríkissáttasemjara, tölvuskeyti frá stefnda til stefnanda og fleiri gögn sem er að finna í skjalaskrá á dómskjali nr. 2. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að koma að frekari gögnum á síðari stigum.

Stefnandi kveðst áskilja sér rétt til að leiða vitni og fyrirvarsmenn aðila fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins.

ÁSKORUN OG FYRIRKALL

Hér með er skorað á Halldór Halldórsson, kt. 250764-4059, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, að mæta á dómþingi Félagsdóms í Dómhúsinu við Lækjartorg, sem háð verður miðvikudaginn 18. nóvember 2015 kl. 16:00 í dómsal 401, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur að hlýða, til saka að svara, og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má það búast við því að útivistardómur gangi í málín.

Stefnufrestur er 3. Sölvur Þorsteinsson

Reykjavík, 10. nóv. 2015



Sigurður G. Gíslason varaforseti

Mér birt fyrir hönd stefnda, Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem hefur falið mér að sækja dómping við þingfestingu málsins og taka til varna af sinni hálfu. Samrit stefnunnar hefur verið afhent mér.

Reykjavík,
